

2. gr.

66

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 38 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 14 1957, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. apríl 1957.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóðs Pálma rektors Hannessonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. apríl 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Pálma rektors Hannessonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Pálma rektors Hannessonar. Hann er stofnaður af kennurum og nemendum Menntaskólans í Reykjavík, Nemendasambandi Menntaskólans og fleiri aðilum.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að verðlauna nemendur Menntaskólans í Reykjavík eða aðra fyrir vel unnin störf á sviði íslenzkrar náttúrufræði, fræðum íslenzkrar tungu eða á sviði tónlistar svo og veita hæfileikamönnum styrk til framhaldsnáms í þessum greinum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem nemur nú kr. 50000.00, svo og það fé, er síðar kann að renna til hans, skal ávaxta, og ef unnt er, á þann hátt, að rýrnun á verðgildi peninga hafi ekki áhrif á eignir sjóðsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn: rektor Menntaskólans í Reykjavík, aðalnáttúrufræðikennari skólans, umsjónarmaður skólans (inspector scholae), einn maður, nefndur af eiginkonu og niðjum Pálma Hannessonar, og einn maður, nefndur af Nemendasambandi Menntaskólans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins annast varðveislu eigna hans og ávöxtun þeirra í samræmi við ákvæði 3. gr.

Stjórnin ákveður, hver eða hverjir skuli hljóta verðlaun eða styrki úr sjóðnum. Í sambandi við úthlutun úr sjóðnum getur stjórnin efnt til samkeppni í greinum þeim, er getur í 2. gr., og síðar leitað álits sérfróðra manna um verk þau, er kunna að berast.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram, þegar sjóðstjórnin telur ástæðu til, þó ekki oftast en einu sinni á ári, og eigi má verja meira en þrem fjórðu hlutum ársvaxta í þessu skyni. Hinn hluta vaxtanna skal leggja við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

- 67 Nú telur sjóðstjórnin eigi ástæðu til að ráðstafa þeim hluta ársvaxta, sem veita
24. apríl má til verðlauna og styrkja samkvæmt næstu málsgrein á undan, og getur hún þá annað hvort lagt vextina við höfuðstólinn eða geymt þá til síðari úthlutunar.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 19. febrúar 1957.

Kristinn Ármannsson. Stefanía Guðnadóttir. Jóhannes Áskelsson.
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir. Ólafur B. Thors.

F. h. Nemendasambands Menntaskólans í Reykjavík

Árni Tryggvason.

- 68 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Björns-
24. apríl dóttur frá Kornsó, Húnavatnssýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 24. apríl 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Björnsdóttur frá Kornsó.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Minningarsjóður Sigurlaugar Björnsdóttur.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru nemendur Kvennaskólans á Blönduósi veturna 1937—1938 og 1938—1939, og er stofnfé hans gjöf frá þeim að upphæð kr. 7000.00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja nemendur frá Kvennaskólanum á Blönduósi til framhaldsnáms í húsmæðrafræðum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru áheit og aðrar gjafir, tekjur af hverri þeirri starfsemi, sem stofnað kann að verða til í þágu hans, vextir.

5. gr.

Allar tekjur sjóðsins skulu lagðar við höfuðstól hans, þar til hann nemur kr. 50000.00, þá má veita sem styrk helminginn af árlegum vaxtatekjum hans. Er sjóðurinn nemur kr. 100000.00, má veita sem styrk helming af árlegum tekjum hans, hverjar sem þær eru, og er hann hefur náð kr. 200000.00, má nota allar árlegar tekjur hans til styrkveitinga. Þau ár, sem ekki er veitt úr sjóðnum, leggjast allar tekjur hans við höfuðstólinn.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal hann geymdur í tryggum verðbréfum eða á annan hátt, er fullnægi fyrirmælum laga um örugga varðveislu og ávöxtun opinberra sjóða.